

unnum lýtur, ákvæði laga nr. 78 19. júní 1933, með síðari viðaukum, eftir því 35
sem við á. 1. febr.

17. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um fyrirkomulag og annað, er snertir lánveitingar til kaupstaða og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum 36
með bifreiðum. 1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá póstmálastjóri úr. Úrskurði þessum má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

36 Póstmálastjórninni er heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er
1. febr. henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfis-
hafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Ennfremur er póstmálastjórninni heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir o. þ. l.

Sérleyfi skal eigi veitt til fastra áætlunarferða á heildarleiðum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir, Reykjavík—Reykjanesviti, og á sunnudögum Reykjavík—Þingvellir, en þó má veita sérleyfi á einstökum hlutum þessara leiða. Ráðherra getur ákveðið fargjöld á þessum leiðum. Veitt sérleyfi, sem kunna að koma í bága við ákvæði þessarar greinar, skulu hreyfast til samræmis við hana. Þó mega fólksflutningsbifreiðar, sem rúma fleiri en 6 farþega, eigi hafa fastar áætlunarferðir til Þingvalla á sunnudögum, nema þeirra manna, sem sérleyfi hafa á þeirri leið aðra daga vikunnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að gera tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera 6 manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa þrjá samkv. reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til eins árs í senn, og í fyrsta sinn þegar lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

g-liður 5. gr. laganna orðist svo:

að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verði 8. gr., svo hljóðandi:

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráð-

herra í reglugerð, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. 36 þessara laga.

1. febr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um samþykkt á landsreikningnum 1933.

37

1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. Innborgað:				Áætlun	Reikningur
				kr.	kr.
1.	Samkv. 2. gr. fjárlaga:	Skattar og tollar		8 695 000.00	10 986 473.13
2.	— 3. — A. —	Tekjur af rekstri ríkisstofnana ...		1 206 300.00	1 775 288.72
	— — B. —	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		28 600.00	26 103.92
3.	— 4. — —	Tekjur af bönkum og vaxta-tekjur		550 195.00	513 936.39
4.	— 5. — —	Óvissar tekjur .		50 000.00	239 482.64
5.	— 20. — —	Eignahreyfingar		497 702.00	2 571 236.95
6.	— 21. — —	Greiðslujöfnuður		946 345.63	„
		Samtals		11 974 142.63	16 112 521.75